



Akraneskaupstaður

Reglur um stuðningsfjölskyldur hjá Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður veitir fjölskyldum barna 0-18 ára þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þjónustan er samkvæmt VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu nr. 40/1991 með síðari breytingum, 8. gr. og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu og efla velferð barna með því að léttu álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

2. gr.

Réttur til þjónustu

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að eiga rétt á þjónustu stuðningsfjölskyldu:

1. Umsækjandi og barn hans sem þjónusta er sótt um fyrir skulu eiga lögheimili á Akranesi.
2. Umsækjandi hafi forsjá barns sem sótt er um fyrir.
3. Umsækjandi og barn hans séu metin með þörf fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldu.
4. Foreldrar utan sveitarfélagsins geta sótt um þjónustu stuðningsfjölskyldu samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að lögheimili sé í sveitarfélaginu þegar þjónustan hefst.

Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi þjónustu stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

3. gr.

Inntak þjónustu og umfang

Verkefni stuðningsfjölskyldu er að hafa barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að léttu álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Leitast skal við að veita barninu þjónustu inni á heimili þess eftir því sem kostur er.

Miðað er við sólarhringsþjónustu og getur dvöl hjá stuðningsfjölskyldu verið að hámarki 4 sólarhringar í mánuði skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Ef stuðningsfjölskylda er veitt á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 er hámark þjónustu 5 sólarhringar á mánuði.



Akraneskaupstaður

Ef þjónustan er veitt á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita hana allt að 15 sólarhringa í mánuði. Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili barnsins. Þurfi barn annars konar þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða stuðningsfjölskyldu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal vísa málefni þess til sérfræðingateymis til ráðgjafar skv. 20. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Heimilt er að semja um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þörf á styttri en tíðari þjónustu.

Þjónusta veitt á grundvelli þessara reglna felur aldrei í sér að stuðningsfjölskylda fái forsjá barns.

II. kafli

Umsóknir og mat

4. gr.

Umsókn um stuðningsfjölskyldu

Sótt er um stuðningsfjölskyldu í gegnum Íbúagátt Akraneskaupstaðar eða á sérstöku eyðublaði í þjónustuveri Akraneskaupstaðar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd.

Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsóknina s.s. læknisvottorð þegar um heilsufarslegar ástæður er að ræða eða greining á fötlun og gilt örorkumat eða umönnunarmat ef umsókn byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs sem veita foreldrum ráðgjöf gera einnig umsókn í samráði við umsækjanda komi í ljós að þörf sé á stuðningi.

5. gr.

Samvinna og ráðgjöf

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra/forsjáraðila þess.

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðar- og mannréttindasviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um stuðningsfjölskyldu.



Akraneskaupstaður

6. gr.

Mat á stuðningsþörf og afgreiðsla umsóknar

Uppfylli umsækjandi skilyrði 2. gr. reglna þessara skal leggja mat á stuðningsþörf í samvinnu við umsækjanda samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Við mat á stuðningsþörf er horft til aldurs barns og eftirfarandi þátta:

- a) Færni/getu og styrkleika.
- b) Félagslegra aðstæðna og tengslanets.
- c) Samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.
- d) Þörf fyrir stuðning og hvaða afleiðingar töf hafi fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

Við matið er tekið mið af þörfum og markmiðum barns og fjölskyldu þess, líkamlegu og andlegu heilsufari, félagslegri virkni, styrkleikum og félags- og fjölskylduaðstæðum. Horft er til þess hvaða áhrif það hefur á barn og fjölskyldu þess að töf verði á veitingu stuðnings í mati á stuðningsþörf. Tekið er mið af matstækjum við mat á stuðningsþörf ef við á, s.s. niðurstöðum RAI mats eða SIS mats. Horft er til þess hvaða áhrif það hefur að töf verði á veitingu stuðnings í mati á stuðningsþörf.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu annast afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum. Matsteymi er heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum til þess að meta stuðningsþörf.

Leiði mat á stuðningsþörf í ljós að þörf fyrir stuðning og þjónustu er meiri og víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga getur sveitarfélagið óskað eftir því að gert sé *Mat á stuðningsþörf - SIS mat*.

Þegar stuðningsþörf er metin skal leggja mat á hvort þörf sé fyrir fjölþættan og viðvarandi stuðning. Fatlað fólk, börn og fullorðnir, sem þurfa fjölþættan og viðvarandi stuðning margra þjónustukerfa eiga rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun skv. 12. og 19. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Skal umsækjanda kynntur réttur á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun og hvernig ferli slíkrar áætlunar fer fram. Ávallt skal fá upplýst samþykki umsækjanda til að gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun og vinna í þverfaglegu þjónustuteymi.

Sé niðurstaða matsteymis að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á þjónustu stuðningsfjölskyldu ber að synja umsókn.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax eða innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi skal upplýstur um áætlaðan biðtíma og hvaða þjónusta geti staðið honum til boða á biðtíma sbr. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsörðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af mati á stuðningsþörf og hvaða afleiðingar töf á stuðningi hafi fyrir umsækjanda, sjá fylgiskjal 2 með reglum þessum.



Akraneskaupstaður

7. gr. Gildistími

Gildistími samþykkrar umsóknar um stuðningsfjölskyldu tekur mið af mati á þjónustubörf hvers og eins en að jafnaði er miðað við að umsóknin gildi út almanaksárið eða að hámarki í eitt ár. Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda er ætíð heimilt að senda inn nýja umsókn hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

III. kafli Framkvæmd þjónustu

8. gr. Val á stuðningsfjölskyldu

Við val á stuðningsfjölskyldu skal leggja áherslu á að stuðningsfjölskylda uppfylli þau skilyrði sem ákvörðun um þjónustu byggir á. Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti:

1. Leyfi sé veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar.
2. Ákvörðun tekin um að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

9. gr. Umsókn um að gerast stuðningsfjölskylda

Sækja skal um leyfi hjá barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar til þess að gerast stuðningsfjölskylda. Stuðningsforeldri skal hafa náð 25 ára aldri.

Sótt er um að gerast stuðningsfjölskylda hjá þjónustuveri Akraneskaupstaðar eða í gegnum íbúagátt.

Með umsókn um leyfi til að starfa sem stuðningsfjölskylda þarf að skila eftirfarandi gögnum:

- a) Búsetuvottorð.
- b) Læknisvottorð fyrir alla heimilismenn eldri en 15 ára þar sem staðfest er að hvorki andleg né líkamleg veikindi komi í veg fyrir að umsækjandi geti starfað sem stuðningsforeldri.
- c) Samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélagið afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem fram komi hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, sem og 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 26. gr. laga nr. 38/2018.
- d) Samþykki stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um fjölskyldumeðlimi frá öðrum aðilum s.s vinnuveitendum og um aðbúnað á heimili hennar frá félagsþjónustu annarra sveitarfélaga og/eða heilbrigðisfulltrúa.



Akraneskaupstaður

- e) Staðfestingar slökkviliðs um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- f) Staðfests yfirlits um starf með börnum, ef við á.
- g) Upplýsingar um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.

Áður en leyfi til þess að gerast stuðningsforeldri er veitt skal meta aðstæður á heimili stuðningsfjölskyldu. Hagir fjölskyldu eru kannaðir með heimsóknum og viðtölum og greinargerð skrifuð um niðurstöður könnunar. Sé heimili stuðningsfjölskyldu staðsett utan lögheimilissveitarfélags barns fer úttekt fram á grundvelli umboðs sem lögheimilissveitarfélag barnsins veitir starfsmanni félagsþjónustu þar sem stuðningsfjölskyldan á lögheimili. Umsækjanda skal kynnt efni greinargerðarinnar og gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

10. gr.

Leyfi til að starfa sem stuðningsforeldri

Í leyfisbréfi skal koma fram fjöldi barna, hve lengi dvöl megi vara og gildistími leyfisins. Við fyrstu umsókn skal aldrei veita leyfi til lengri tíma en eins árs en heimilt er að veita leyfi til þriggja ára þegar um endurnýjun leyfis er að ræða.

Að jafnaði er ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja barna í senn nema um systkini sé að ræða.

Við leyfisveitingu er tekið skýrt fram í leyfisbréfi að stuðningsfjölskylda skuli tafarlaust tilkynna um allar breytingar sem áhrif geta haft á framkvæmd þjónustunnar og skal jafnframt upplýsa forráðamenn og velferðar- og mannréttindasvið um allt það sem upp kemur og áhrif getur haft á líðan barnsins. Stuðningsfjölskyldu ber að sýna fram á að tryggingar séu fullnægjandi. Í skilmálum leyfis er unnt að kveða á um hvaða tryggingar stuðningsfjölskylda skuli hafa. Byggist þjónustan á verksamningi skal hverju sinni kveðið á um tryggingamál. Með sama hætti er fjallað um eldvarnir og önnur slík atriði sem þurfa að vera í lagi á hverjum tíma.

Við endurnýjun leyfis til að starfa sem stuðningsforeldri er metið hvort leggja beri fram ný gögn eins og um nýja umsókn sé að ræða. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst ef liðin eru meira en 3 ár frá því að slíkar upplýsingar voru veittar, auk þess sem starfsmaður félagsþjónustu skal hafa heimsótt heimili á því tímabili.

11. grein

Samningur um þjónustu

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra/forsjáraðila og félagsþjónustu.

Í samningnum koma fram almennar upplýsingar um samningsaðila, fjöldi sólarhringa í mánuði, verkefni stuðningsfjölskyldunnar og hver beri kostnað vegna afþreyingar. Einnig skal koma fram hvenær reglulegir fundir með foreldrum og stuðningsfjölskyldu eru áætlaðir.



Akraneskaupstaður

Í samningi skal einnig tilgreina ábyrgð aðila. Forráðamenn og félagsþjónusta bera ábyrgð á að stuðningsfjölskylda fái allar nauðsynlegar upplýsingar um barnið, s.s. vegna óþols eða ofnæmis. Stuðningsfjölskylda skal tafarlaust greina frá öllum breytingum sem áhrif geta haft á framkvæmd þjónustunnar og skal jafnframt upplýsa forráðamenn og velferðar- og mannréttindasvið um allt það er upp kemur er áhrif getur haft á líðan barnsins.

Í samningi við stuðningsforeldra skulu vera gagnkvæm uppsagnarákvæði en samningi má rifta ef forsendur ákvörðunar eða leyfis til þess að starfa sem stuðningsforeldri bresta.

Samningur skal alla jafna endurnýjaður um áramót.

12. gr. Samningsfjárhæðir

Greiðslur til stuðningsforeldra eru alla jafna verktakagreiðslur nema samið sé um annað. Samningsfjárhæð tekur mið af stuðningsþörf barna og fjölda sólarhringa sem barnið dvelst hjá fjölskyldunni. Greitt er fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá stuðningsfjölskyldu og tekur samningsfjárhæð mið af umönnunarmati Tryggingastofnunar ríkisins:

- Vegna barna með umönnunarmat skv. 1. fl. er greitt sem svarar til 85% upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólarhring.
- Vegna barna með umönnunarmat skv. 2. fl. er greitt sem svarar til $\frac{3}{4}$ hluta upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólarhring.
- Vegna barna með umönnunarmat skv. 3. fl. er greitt sem svarar til $\frac{1}{2}$ upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólarhring.
- Vegna barna sem metin eru í þörf fyrir stuðningsfjölskyldu er greitt sem svarar til $\frac{1}{2}$ upphæðar af meðlagi Tryggingastofnunar með einu barni á mánuði fyrir hvern sólarhring.

Miðað er við að þjónusta stuðningsfjölskyldu hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan á heimili barnsins ef fyrirkomulag þjónustunnar er með þeim hætti. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forráðamenn barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

13. gr. Eftirlit

Staðfesting skal berast velferðar- og mannréttindasviði mánaðarlega um veitta þjónustu. Starfsmenn sviðsins skulu gera úttekt á framkvæmd þjónustunnar á tólf mánaða fresti.



Akraneskaupstaður

IV. kafli Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvæði VIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

14. gr. Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um stuðningsfjölskyldu hefur borist.

Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Það sama gildir um stuðningsfjölskyldur. Forsjáraðilar barns skulu einnig undirgangast þagnarheit varðandi hagi stuðningsfjölskyldu.

Stuðningsfjölskyldu er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þjónustuþegum.

16. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Akraneskaupstaðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.



Akraneskaupstaður

17. grein Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

18. gr. Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis velferðar- og mannréttindasviðs um afgreiðslu umsóknar til velferðar- og mannréttindaráðs, innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs.

19. gr. Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

20. gr. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í velferðar- og mannréttindaráði 23. júní 2021 og í bæjarstjórn 24. ágúst 2021.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. september 2021.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur Akraneskaupstaðar um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra sem samþykktar voru í þjónusturáði Þjónustusvæðis Vesturlands 30. mars 2012.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri



Akraneskaupstaður

Fylgiskjal 1 - Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er ávallt unnið í samvinnu við umsækjanda.

Horft er til eftirfarandi þátta þegar stuðningsþörf er metin:

- **Færni, geta og styrkleikar.** Hverjir eru styrkleikar umsækjanda, færni hans og geta í samskiptum er skoðuð og félagslega færni.
- **Félagslegar aðstæður og tengslanet.** Fjölskylduaðstæður, nánasta umhverfi fjölskyldu og tengslanet er skoðað. Einnig er horft til þess hvort umsækjandi fær ráðgjöf og stuðning annars staðar frá. Líðan barns og/eða barna í fjölskyldunni.
- **Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni.** Hvernig er virkni umsækjanda, er hann í vinnu, skóla, er hann með áhugamál, stundar hann félagsstarf, ef um barn er að ræða þarf að skoða þátttöku þess og virkni í skóla og frístund, frítíma ofl.
- **Heilsufar, fötlun og hegðun.** Meta þörf fyrir stuðning vegna andlegrar og líkamlegrar heilsu, fötlun og hegðunarvanda.

Við mat á stuðningsþörf er einnig horft til þess:

- Hvort umsækjandi eigi rétt á þjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Hversu brýn þörf umsækjanda er fyrir stuðning.
- Hvort umsækjandi hafi þörf fyrir fjölbættan og langvarandi stuðning.
- Hvaða áhrif töf á veitingu stuðnings hefur fyrir umsækjanda eða fjölskyldu hans.

Við mat á stuðningsþörf er horft til þess hvort þörf sé fyrir stuðning á eftirfarandi sviðum:

- Við athafnir daglegs lífs
- Við heimilishald
- Til að efla félagsleg samskipti
- Vegna heilsu s.s. lyf, svefn, næring
- Við samgöngur
- Við meðferð einkafjármuna
- Til að stunda menntun
- Til að stunda vinnu
- Vegna þátttöku í félagsstarfi
- Frístundir
- Vegna samskipta
- Vegna hegðunar
- Til að efla sjálfstæði

Þegar um fötluð börn er að ræða tekur mat á stuðningsþörf jafnframt mið af því hvaða stuðning foreldrar/forsjáraðilar þurfa til að styrkja þá í foreldrahlutverkinu þannig að þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg skilyrði og hvaða stuðnings barnið þarfnast fyrir félagslega aðlögun og þroska.

Þörf fyrir aðra þjónustu er einnig skoðuð við mat á stuðningsþörf s.s.:

- Iðjubjálfun
- Sjúkraþjálfun
- Talþjálfun
- Aðra heilbrigðisþjónustu



Akraneskaupstaður

- Aðra þjónustu

Þegar mat á stuðningsþörf liggur fyrir skal það sýna:

- Hversu brýna þörf hefur umsækjandi fyrir stuðning?
- Hvers konar stuðningur hentar umsækjanda best?
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu þjónustu hafi fyrir umsækjanda?
- Hvenær er þörf fyrir stuðning í dæmigerðri viku?

Fylgiskjal 2

Viðmið fyrir forgangsröðun stuðningsþjónustu

Flokkur 1 – Mjög mikil þörf

Flokkur 2 - Mikil þörf

Flokkur 3 - Meðal þörf

Flokkur 4 - Lítil þörf

Flokkur 5 - Engin þörf